


Umhverfisstofnun
Áb. <i>BS</i>
28 NOV. 2007
<i>54.55</i>
Tilv. UST20071100054

Skipulagsstofnun
 Sigurður Ásbjörnsson
 Laugavegi 166
 150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24
 IS-108 Reykjavík, Iceland

✆ (+354) 591 2000
 Fax (+354) 591 2010
 umhverfisstofnun@ust.is
 www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 26. nóvember 2007
 Tilvísun: UST20071100054/bs

Efnistaka í Lambafelli. Tillaga að matsáætlun. Umsögn

Visað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Hér er um að ræða framhald efnistöku sem staðið hefur um langa hríð í Lambafelli. Ráðgert er að taka alls 27.000.000 m³ á um 18 ha svæði. Áætlað er að vinna þetta efni á næstu 30 árum.

Tveir aðilar auk Árvéla stunda einnig efnistöku í Lambafelli.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að matsáætlun:

Gera ætti grein fyrir möguleikum til haugsetningar við Lambafell, svo sem móton haugs og staðsetningu þannig að hann falli sem best að landi. Frágangur yfirborðs og gróðurfar á haugsvæði. Gera ætti grein fyrir landmótun við jaðra efnistökusvæðis og að hvort unnt sé að samræma hugmyndir námuréttthafa um mörk efnistöku og frágang samliggjandi efnistökusvæða.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að kannað verði hvort unnt sé að sameina efnistökusvæði Árvéla og efnistökusvæði Ölfuss til að draga úr sjónrænum áhrifum efnistökunnar.

Að öðru leiti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllst

Björn Stefansson
 Björn Stefansson

Helgi Jónasson
 Forstöðumaður